

Rannsóknarstöð Skógræktar  
Edda Sigurdís Oddsdóttir  
Mógilsá  
116 KJALARNES

Garðabær, 31.3.2021  
Tilvísun: 202102-0042/42-0  
OKV  
bm/jg/tb/rth

**Efni: Athugasemdir Náttúrufræðistofnunar Íslands við tillögu Skógræktarinnar um afmörkun og skráningu birkiskóga sem njóta sérstakrar verndar**

Tillögur Skógræktarinnar bárust stofnuninni þ. 24. febrúar 2021 þar sem óskað var umsagnar eða athugasemda við afmörkun og skráningu birkiskóga sem heyra undir 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013).

Náttúrufræðistofnun fagnar því að þessi vinna sé hafin enda brýnt að afmörkun skóganna liggja fyrir sem viðauki við náttúruminjaskrá. Stofnunin vill þó koma á framfæri athugasemdum við tillöguna sem bæði lúta almennt að túlkun lagaákvæðanna sem um ræðir sem og sértækum atriðum er lúta að mati á verndargildi og skráningu ítarefnis er varðar birkiskóga.

**Almennar athugasemdir**

*Túlkun lagaákvæðis 61. gr. laga um náttúruvernd um vernd birkiskóga*

Í tillögunum er gengið út frá því að 61. gr. náttúruverndarlaga nái einungis til sjálfsprottinnna, gamalgróinna birkiskóga (að lágmarki 50 ára) þar sem finnast gömul tré. Forkröfur eru að allir skógar skilgreindir sem náttúrulegt birkiskóglendi í könnun frá árinu 1987 með síðari endurkortlagningu (sjá t.d. Arnór Snorrason o.fl. 2016) heyri undir lagagreinina. Fór þriðja (og síðasta) kortlagning fram á árunum 2010-2014 þar sem sýnt var fram á að birkiskógar hefðu aukið útbreiðslu sína umtalsvert frá fyrstu úttekt, eða úr 1250 km<sup>2</sup> í fyrstu athugun í 1506 km<sup>2</sup> í þeirri síðustu (Arnór Snorrason o.fl. 2016). Jafnframt er tekið fram að afmörkun birkiskóga sem heyra undir 61. gr. laga um náttúruvernd sé endanleg, að frátöldum leiðréttingum á villum.

Að mati Náttúrufræðistofnunar felst töluverð oftúlkun á lagaákvæðum í þeirri nálgun sem lagt er upp með í tillögunum. Felst hún einkum í því að gerðar eru stífar forkröfur um aldursdreifingu trjáa og að afmörkun skóganna sé endanleg. Lögin kveða svo á um að undir 61. gr. heyri „*sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré*“. Í greinargerð með lagafrumvarpinu (Þingskjal 537- 429. mál) segir um b-lið, 1.



mgr., 61. gr. að: „...Með birkiskógum er hér átt við þá skóga sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu, þar sem eru m.a. gömul tré og þar sem vex dæmigerður botngróður birkiskóga. Birki er ein af fáum náttúrulegum trjátegundum á Íslandi og teljast birkiskógar til lykilstærkerfa á Íslandi.“ Ennfremur segir í greinargerðinni „Besta leiðin til að vernda erfðalindir íslenska birkisins er að stuðla að náttúrulegri útbreiðslu þess og varðveita leifar gamalla birkiskóga og erfðaefni þeirra.“ Af framangreindu má sjá að fleiri þættir en (m.a.) gömul tré vega þungt í skilgreiningu á birkiskógum þ.e. náttúruleg nýliðun, aldursdreifing og botngróður.

Birkiskógar eru breytileg vistkerfi þar sem aldur, hæð og útbreiðsla er háð náttúrulegum þáttum, eins og framvindu og loftslagi, sem og landnýtingu mannsins, þar sem beit, jarðrækt eða mannvirkjagerð hefur áhrif á vistkerfið. Þessi þrönga túlkun sem Skógræktin leggur til á birkiskógum sem eiga að njóta sérstakrar verndar kemur t.d. í veg fyrir að sjálfsprottinn skógur njóti verndar sökum ungs aldurs. Einu máli skiptir hvort þessi skógur spretti upp frá gamalgrónum skógi í jaðri hans eða lengra frá.

Sem dæmi má nefna Skeiðarársand, þar sem víðfeðmur birkiskógur sprettur nú upp af fræi frá nærliggjandi birkiskógum, einkum Bæjarstaðaskógi (<https://www.ruv.is/frett/uppruni-birkisins-a-skeidararsandi-stadfestur>), en hann mun ekki njóta verndar samkvæmt þeirri túlkun sem lögð er fram í tillögum. Vistfræðileg sérstaða hans er þó mikil og mun hann varðveita arfleifð nágrannaskóga.

Annað dæmi eru Þórsmerkurskógar en þeir hafa aukið útbreiðslu sína umtalsvert eftir að skógarnytjum og beit var hætt. Er dæmi þaðan sett fram í grein sem sýnir niðurstöður þriðju úttektar á náttúrulegu birkiskóglendi (Arnór Snorrason o.fl. 2016). Verði skóglendi sem heyrir undir 61. gr. afmarkað við nýjstu kortlagninguna þýðir það að þeir skógar sem upp munu spretta í nágrenni þeirra ekki njóta sérstakrar verndar. Þeir tilheyra þó óyggjandi sama vistkerfi Þórsmerkurskóga, leggja til viðbætur í aldursdreifingu skógarins og eiga sömuleiðis sinn þátt í að varðveita arfleifð skóganna með því að viðhalda henni. Af þessu er ljóst að ekki er rökrétt að draga endanleg mörk forn- og nýskóga við birkikortlagningu 1987 með síðari tíma viðbótum.

#### *Vistfræðilegt mikilvægi birkiskóga*

Í b-lið 61. gr. nvl. segir: „b. sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.“ Hér er lagt upp með skilgreiningu á því hvaða skógar eigi að njóta sérstakrar verndar en ekki hvernig á að velja þá. Engu að síður er ljóst að leggja þarf áherslu á alla þætti skilgreiningarinnar. Við mat á sérstöðu og vistfræðilegu mikilvægi verður því að líta til þeirra aðferða sem beitt er við mat á verndargildi almennt og t.d. val svæða á náttúruminjaskrá (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019). Orðalag í lögum um náttúruvernd er lútir b-lið, 1. mgr. 61. gr. getur vart talist skýrt leiðarljós fyrir náttúruvernd í framkvæmd. Túlkna má „sérstæða birkiskóga“ og „vistfræðilega mikilvæga birkiskóga“ á marga vegu. Jafnvel mætti færa rök fyrir því að allir birkiskógar séu vistfræðilega mikilvægir, enda hefur gengið



mjög á útbreiðslu birkis. Því eru allir staðir þar sem það vex og þrífst vistfræðilega mikilvægir þar sem það býður upp á möguleikann að birki dreifi sér út frá núverandi vaxtarstöðum. Tegundin er jafnframt sú eina sem myndar náttúrulega skóga hér á landi og hafa birkiskógar mikilvægu hlutverki að gegna fyrir vistkerfisþjónustu en þeir hafa til að mynda mikið mótstöðuafli gegn náttúrulegum áföllum á borð við gjóskufall eða jarðvegsrof. Birkiskógar eru mikilvæg búsvæði fyrir aðrar tegundir plantna sem og fléttna og sveppa. Þá gegna birkiskógar mikilvægu hlutverki fyrir dýralíf, svo sem smádýr og fugla, en þetta hlutverk hefur þó aðeins verið rannsakað að takmörkuðu leyti. Af því leiðir að sú þekking sem nú er til staðar á vistkerfi birkiskóga dugir líklega skammt til að meta sérstöðu eða vistfræðilegt mikilvægi þessa vistkerfis nema í stórum dráttum. Þá er kveðið á um að birkiskógar 61. gr. ættu að hafa „dæmigerðan botngróður“ en er sú skilgreining fyrir hendi? Lögin kveða á um að stuðla eigi að náttúrulegri útbreiðslu birkiskóga og ætti því að túlka þau þannig að þau verði nýliðun, framvindu og útbreiðslu skóganna í hag. Stjórnvöld eru markvisst að vinna að endurheimt birkiskóga með gróðursetningu, fræsöfnun og sáningu (sjá t.d. <https://birkiskogur.is/>) og það væri því í beinu samræmi við stefnu stjórnvalda og lög um náttúruvernd, þ.m.t. umrætt ákvæði 61. gr. verndi ungsjóga sem vaxa upp af náttúrunnar hendi.

## Sértækar athugasemdir

### *Afmörkun*

Að mati Náttúrufræðistofnunar er of mikil áhersla lögð á fornskóga í tillögum að afmörkun birkiskóga sem heyra undir 61. gr. Birki er frekar skammlíf tegund og sækir í raskað land ef fræuppspretta er til staðar. Vissulega er mikilvægt að varðveita leifar gamalla birkiskóga en sú varðveisla stuðlar ekki endilega að náttúrulegri útbreiðslu birkis. Tryggja þarf að ungsjógar geti vaxið upp og tegundin aukið útbreiðslu sína.

Í tillögunni er lagt til að útgangspunktur skilgreiningar á birkiskógum sem heyri undir 61. gr. verði þannig: „Lagt er til að svæði sem skilgreint var náttúrulegt birkiskóglendi í könnun á þeim frá árinu 1987 með síðari endurkortlagningu og leiðréttingum afmarki þau skóglendi sem njóta sérstakrar verndar.“ Með þessu heyra gamalgrónir birkiskógar og skógar sem vaxa upp af fræi í nágrenni þessara skóga fyrir 2014 (sbr. dæmið frá Þórsmörk) undir 61. gr. Það getur vart talist eðlilegt að ungsjógar sem myndast eftir 2014 falli ekki undir þessa grein.

Í lokaorðum tillögunnar segir: „Hér er lagt til að þessi nákvæma kortlagning náttúrulegra birkiskóga árið 1987 afmarki birkiskóglendi sem njóta sérstakrar verndar.“ Hér er ósamræmi við fyrri texta í 6. lið um afmörkun þar sem segir að: „Lagt er til að svæði sem skilgreint var náttúrulegt birkiskóglendi í könnun á þeim frá árinu 1987 með síðari endurkortlagningu og leiðréttingum afmarki þau skóglendi sem njóta sérstakrar verndar.“

Sú fullyrðing, í 5. lið um afmörkun, að nývaxið birkiskóglendi bæti engu við þá arfleifð tegundarinnar birkis sem 61. gr. er ætlað að vernda, fær varla staðist. Ungskógar eru mikilvægir til að viðhalda arfleifðinni enda fátt sem getur tryggt það að „fornskógarnir“ geti ekki eyðst, hvort sem er í náttúruhamförum eða vegna mannlegra athafna.



Það er mat stofnunarinnar að skráningu vaxtarstaða blæspar, reyniviðar eða gamalgróins víðikjarrlendis ætti ekki að blanda saman við sérstaka vernd birkiskóga, enda er birki eina tegundin sem myndar samfellda skóga. Vaxtarstaðir blæspar eru vaktaðir af Náttúrufræðistofnun enda er tegundin á valista sem tegund í nokkurri hættu (<https://www.ni.is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/salicaceae/blaeosp-populus-tremula>). Auk þess má benda á að þar sem vaxtarstaðir framangreindra tegunda falla gjarnan saman við birkiskóga sem munu njóta sérstakrar verndar þá eru þau hluti af vistfræðilegu mikilvægi skóganna.

### *Skráning og verndargildi*

Lagt er til að skógum yrði skipt upp í fláka eftir eiginleikum og verndargildi og eru taldir fram eftirfarandi þættir: 1) aldur skógarins, 2) trjáhæð skógarins, 3) fágætar tegundir, 4) beit, 5) viðarnýting, auk röskunar vegna 6) ræktunar og 7) mannvirkja. Ekki er alltaf ljóst hvaða þættir teljast inn í mat á verndargildi og þá með hvaða hætti.

Við mat á aldri skóglendis er óvíst hvort kort Dana og Bandaríkjahers séu í nægilega góðum mælikvarða til að skrá aldur skógarfláka.

Óljóst er hvernig trjáhæð eigi að vera metin í verndargildi skógarfláka. Á bæði að líta til hæðar eingöngu (því hærri tré, því herra verndargildi) og hlutfallslegs flatarmáls hæðarflokka á landsvísu (fágæti jafngildir herra verndargildi)? Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint vistgerðir birkiskóga sem kjarrskóga-, lyngskóga- og blómskógavist, lýst tegundasamsetningu botngróðurs og metið verndargildi þeirra í frummati (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016) og í endurskoðuðu mati þar sem litið var til fleiri matsþátta (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019). Ekki er vikið að þessari vinnu og upplýsingum í tillögu Skógræktarinnar. Kjarrskógavist hefur t.a.m. hæsta verndargildið þegar litið er til tegundafjölbreytni gróðurs og sjaldgæfra plöntutegunda. Það er því í nokkru ósamræmi við þá staðhæfingu að verndargildi hávaxinna skóga sé hæst sbr. 2. lið um trjáhæð.

Við mat á verndargildi og skráningu mætti einnig taka tillit til:

- Stærðar og/eða samfellu fláka – Stærri og samfelld skógarsvæði ættu að hafa herra verndargildi en uppbrot hefur neikvæð áhrif á vistfræðilega ferla vistkerfisins.
- Jarðvegs - Gamalgrónir skógar varðveita jarðvegstorfur sem hafa mikið vægi, enda geymir moldin mikið magn kolefnis. Jarðvegur er auk þess mikilvægur þáttur vistkerfis við að miðla vatni og næringarefnum.

### *Verklag*

Hætt er við því að skráning ítarupplýsinga við skógarfláka verði tímafrek og valdi því að seint verði gengið frá skilgreindri afmörkun birkiskóga sem heyra undir 61. gr. Náttúrufræðistofnun vill ítreka mikilvægi þess að gengið verði frá afmörkun sem fyrst.



Þótt ekki segi um það beinum orðum í 61. gr. má gera ráð fyrir að að uppfæra þurfi skrár skv. greininni með jöfnu millibili, eða á 5-10 ára fresti. Ekki er minnst á slíkt í lýsingu á verklagi með tillögum Skógræktarinnar.

### **Ályktun Náttúrufræðistofnunar**

Að ofansögðu er það mat stofnunarinnar að túlkun 61. gr. eigi ekki að koma í veg fyrir að birkiskógar njóti sérstakrar verndar þótt í þeim finnist ekki tré eldri en 50 ára. Þá er sömuleiðis ekki raunhæft að afmörkun verði endanleg enda um síkvikt vistkerfi að ræða. Lagagreinina ætti að túlka sem víðast þannig að þau verði birkiskógum til verndar og stuðli að aukinni útbreiðslu þeirra en, eins og staðan er núna, þekja birkiskógar aðeins brotabrot síns náttúrulega útbreiðslusvæðis. Túlkun lagagreinarinnar ætti ekki að hygla landnotkun sem gengur á ungskóga, s.s. með mannvirkjagerð eða skógrækt annarra tegunda, eins og túlka mætti með umræddri tillögu. Ungskógar, eða kjarrskógavist, sem er ein þriggja skilgreindra vistgerða birkiskóga og þeirra útbreiddust (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016), mundu þá aðeins njóta takmarkaðrar verndar undir 61. gr. og viðbúið að þeim yrði hætta búin. Náttúrufræðistofnun telur rökrétt og vistkerfum landsins til hagsbóta að allir birkiskógar heyri undir 61. gr. og að undanþágur fyrir raski þeirra þyrfti að meta hverju sinni. Þá megi ítarskráning eiginleika sem er grunnur að mati á verndargildi ekki verða til þess að tefja afmörkun birkiskóga sem heyra undir 61. gr. nvl.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til að koma að útfærslum á verndargildi og vali á svæðum á náttúruminjaskrá og þá sérstaklega í tengslum við vistfræðilegt mikilvægi (sbr. málsgrein á 2-3 bls.).

Virðingarfyllst,

Olga Kolbrún Vilmundardóttir  
landfræðingur



*Heimildir:*

Arnór Snorrason, Björn Traustason, Bjarki Þór Kjartansson, Lárus Heiðarsson, Rúnar Ísleifsson og Ólafur Eggertsson 2016. Náttúrulegt birki á Íslandi – Ný úttekt á útbreiðslu þess og ástandi. Náttúrufræðingurinn 86 (3–4), bls. 97–111

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Lög um náttúruvernd (60/2013). Alþingi. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ásrún Elmarsdóttir, Borgþór Magnússon, Guðmundur Guðmundsson, Ingvar Atli Sigurðsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Kristján Jónasson, Lovísa Ásbjörnsdóttir, Marianne Jensdóttir Fjeld, Sigmar Metúsalemsson, Starri Heiðmarsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Þóra Hrafnisdóttir og Trausti Baldursson, 2019: Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2018: svæðaval og ávinningur verndar. NÍ-19008, 62 bls., Garðabær. <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>

Viðtal við Kristinn Pétur Magnússon í Landanum frá 30. mars 2020 um uppruna birkisins á Skeiðarársandi: <https://www.ruv.is/frett/uppruni-birkisins-a-skeidararsandi-stadfestur>

Skógræktin og Landgræðslan. Birkifræ – landsöfnun. <https://birkiskogur.is/>

Þingskjal 537 – 429. mál. Frumvarp til laga um náttúruvernd. Um 57. gr. <https://www.althingi.is/altxt/141/s/0537.html>

